

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 351/1981, um breyting á heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972.

1. gr.

162. gr. 3. tl. reglugerðar nr. 45/1972 eins og honum var breytt með reglugerð nr. 351/1981 orðist svo:

162.3. Óheimilt er að reisa loðdýrabú nær mannabústöðum eða vinnustöðum annarra en sjálfs búsin en sem nemur 500 m. Í strjálbýli er heimilt að reisa loðdýrabú nær mannabústöðum á aðliggjandi bújörðum með samþykki hlutaðeigandi ábúenda og/eða eigenda. Að öðru leyti skal farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um staðsetningu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 10. gr. laga nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. maí 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 267.

29. apríl 1982.

SAMÞYKKT

fyrir Veðifélag Brynjudalsár, Kjósarhreppi, Kjósarsýslu.

1. Félagið heitir Veðifélag Brynjudalsár. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Brynjudalsá og Þverá, en þær eru Ingunnarstaðir, Hrísakot, Skorhagi og Þrándarstaðir.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. apríl 1982.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir

17. maí 1982.

Nr. 268.

AUGLÝSING

um umsóknargjald og árgjald vegna skráningar eiturefna og hættulegra efna.

Umsóknargjald er kr. 850,00 með hverri umsókn og árgjald kr. 425,00 af hverju efni eða efnasamsetningu er viðurkenningu hlýtur og skráð er á listum yfir plöntu-lyf, örgresiefni, stýriefni eða útrýmingarefni.

Auglýsing þessi, sem birt er með stoð í ákvæðum reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 132/1971, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing sama efnis nr. 346/1972.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. maí 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

21. maí 1982.

Nr. 269.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um bátaábyrgðarfélög
nr. 367 22. mars 1976.**

1. gr.

16. gr. liður II orðist svo:

Hafi aðalvél skips ekki náð 12 ára aldri, miðað við smíðaár hennar, bætir félagið tjón, sem orsakast af öðrum ástæðum en greinir í lið I, á eftirtöldum aðalhlutum vélarinnar, enda verði að endurnýja þá: